

SAMNINGUR UM SÉREIGN AF SKYLDUIÐGJALDI

Sjóðfélagi:

Nafn:

Kennitala:

Heimilisfang:

Pnr.:

Staður:

Sími:

Netfang:

Lífeyrissjóður (samtryggingarsjóður): Brú lífeyrissjóður
 Frjálsi lífeyrissjóðurinn
 Íslenski lífeyrissjóðurinn
 Lífsverk

Ég staðfesti hér með að ég greiði lágmarksiðgjald (skylduiðgjald) lífeyris skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða til þess sjóðs sem tiltekinn er hér að ofan.

Ég óska hér með eftir því ráðstafa hluta af lágmarksiðgjaldi mínu til Almenna lífeyrissjóðsins skv. heimild í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997.

_____ % Hlutfall lágmarksiðgjalds sem óska að verði ráðstafað til Almenna lífeyrissjóðsins.

Kærar þakkir fyrir að velja Almenna lífeyrissjóðinn. Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt og veita þeim úrvals þjónustu.

Val á ávöxtunarleið

Sjálfgefið svar ef ekkert annað er valið.

Ævileiðin

Annað val:

- | | | |
|--------------------------------------|--|---|
| <input type="checkbox"/> Ævisafn I | <input type="checkbox"/> Skuldabréfasafn | <input type="checkbox"/> Erlent verðbréfasafn |
| <input type="checkbox"/> Ævisafn II | <input type="checkbox"/> Innlánasafn | |
| <input type="checkbox"/> Ævisafn III | <input type="checkbox"/> Ríkissafn | |

Inneign flyst sjálfkrafa milli ævisafna eftir aldri (45-48 ára úr Ævisafni I yfir í II og síðan 57-60 ára úr Ævisafni II yfir í III)

Ég staðfesti að ég hef sérstaklega kynnt mér lykilupplýsingaskjal um ávöxtunarleiðina sem er aðgengilegt á **heimasíðu sjóðsins** og afþakka um leið að fá lykilupplýsingaskjalið afhent á pappírformi. Ég staðfesti jafnframt að ég hef kynnt mér hvernig sjálfbærniáhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir hjá sjóðnum og yfirlýsingu sjóðsins um neikvæð áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Lesa má um stefnur og yfirlýsingar varðandi sjálfbærniáhætta á **heimasíðu sjóðsins**. Fjárfestingar sem eru í undirliggjandi ávöxtunarleiðum taka ekki tillit til viðmiðana ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.

Samkvæmt samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins skulu þeir sem vilja gerast sjóðfélagar afhenda skriflega inntökubeiðni og felst í henni yfirlýsing um að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins. Undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Almenna lífeyrissjóðnum og óskar eftir að gerast sjóðfélagi.

Ég undirrituð/aður hef kynnt mér samþykktir og fjárfestingarstefnu sjóðsins og óska hér með eftir því að séreignarhluta lágmarksiðgjalds míns verði ráðstafað til Almenna lífeyrissjóðsins. Ég staðfesti jafnframt að hafa kynnt mér upplýsingablað á bakhlíð umsóknarinnar sem inniheldur upplýsingar til nýrra sjóðfélaga um helstu réttindi sem ávinnast með greiðslu iðgjalda til sjóðsins ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu lífeyrissjóðsins.

Með undirritun minni samþykki ég að þær upplýsingar sem ég veiti í þessari umsókn séu vistaðar og skráðar í viðskiptasögu mína hjá Almenna lífeyrissjóðnum. Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra er í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu lífeyrissjóðsins.



Smelltu hér til að skoða persónuverndarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins

Staður/dagsetning

Undirskrift umsækjanda



Upplýsingagjöf til nýrra sjóðfélaga

Velkomin/n í Almenna lífeyrissjóðinn

Helstu réttindi sem ávinnast með greiðslu iðgjalds til sjóðsins

Almenni lífeyrissjóðurinn er blandaður lífeyrissjóður. Lágmarksiðgjald er nú 15,5% af launum og skiptist þannig að 7% greiðast í séreignarsjóð og 8,5% í samtryggingarsjóð. Viðbótariðgjald (iðgjald umfram lágmarksiðgjald) er greitt í séreignarsjóð.

Með greiðslu í samtryggingarsjóð safna sjóðfélagar fyrir ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum auk þess að ávinna sér rétt á örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga. Viðbótariðgjald er greitt í séreignarsjóð. Séreignarsjóður er almennt laus til útborgunar frá 60 ára aldri en tilgreind séreign er laus frá 62 ára aldri.

Ellilífeyrir

Megintilgangurinn með því að greiða í lífeyrissjóð er að safna upp réttindum og sjóði til greiðslu ellilífeyris. Fjárhæð ellilífeyris úr samtryggingarsjóði ræðst af iðgjaldagreiðslum af starfsævinni og afkomu sjóðsins. Hægt er að hefja töku ellilífeyris á aldrinum 60-80 ára en viðmiðunaráldur hjá Almenna er 70 ára. Þannig lækkar lífeyrir ef taka lífeyris hefst fyrr og á sama hátt hækkar hann ef töku lífeyris er frestað fram yfir 70 ára aldur. Ellilífeyrir úr samtryggingarsjóði er verðtrygður, breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs, og er greiddur til æviloka en fellur niður við andlát.

Áfallalífeyrir

Markmið Almenna er að veita sjóðfélögum tryggingavernd vegna tekjumissis í kjölfar áfalla og stuðla að fjárhagslegu öryggi sjóðfélaga og aðstandenda hans við starfsorkumissi eða andlát.

- Örorkulífeyrir er greiddur til 70 ára aldurs ef sjóðfélagar missa starfsorku og verða fyrir sannanlegu tekjutapi.
- Makalífeyrir er greiddur til eftirlifandi maka að lágmarki 2,5 ár og lengur við viss skilyrði.
- Barnalífeyrir er greiddur vegna barna yngri en 20 ára við fráfall eða við starfsorkumissi sjóðfélaga.
- Inneign í séreignarsjóði er laus til útborgunar á sjö árum ef sjóðfélagi verður 100% óvinnufær vegna örorku.

Nánar má lesa um áfallalífeyri [hér](#) og í samþykktum sjóðsins.

Réttur til lántöku

Ef þú hefur greitt sex af síðustu tólf mánuðum í skyldusparnað eða greitt 24 af síðustu 30 mánuðum í viðbótarlífeyrissparnað, ert lífeyrisþegi hjá sjóðnum og áttir lánsrétt við lífeyristöku, eða þú ert að endurfjármagna lán þitt hjá sjóðnum þá átt þú lánsrétt hjá sjóðnum. Þeir sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign eiga lánsrétt frá greiðslu fyrsta iðgjalds til sjóðsins.

Nánar má lesa um sjóðfélagalán lán hjá Almenna lífeyrissjóðnum [hér](#).

Upplýsingar um skipulag og stefnu sjóðsins

Helstu atriði samþykktu

Samþykktir Almenna lífeyrissjóðsins leggja grunn að rekstri og starfsemi sjóðsins. Í samþykktunum eru nánari ákvæði um hlutverk og stjórnskipulag sjóðsins, réttindi sjóðfélaga og aðstandenda þeirra til lífeyris, hvernig útreikningi þessara réttinda er háttað og nánari skilyrði lífeyrisréttar. Þar er einnig kveðið á um framkvæmd lífeyrisgreiðslna og framkvæmd reglubundinnar tryggingafræðilegrar athugunar á hag sjóðsins. Einnig er kveðið á um hvernig staðið skuli að kjöri til stjórnar og breytingu á samþykktum sjóðsins. Eingöngu sjóðfélagar geta setið í stjórn sjóðsins og eingöngu sjóðfélagar hafa kosningarétt í stjórnarkjöri sjóðsins. Ársfundur og sjóðfélagafundur hafa vald til að gera breytingar á samþykktum sjóðsins.

[Hér](#) má lesa samþykktir sjóðsins.

Fjárfestingarstefna og aðrar stefnur sjóðsins

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkir [fjárfestingarstefnu](#) í lok hvers árs fyrir komandi ár. Í henni eru upplýsingar um uppbyggingu Almenna lífeyrissjóðsins og er fjallað um samtryggingarsjóð og ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs. Farið er yfir sögulega ávöxtun verðbréfa og samspil ávöxtunar og áhættu. Í framhaldi af þeirri umfjöllun er sett fram fjárfestingarstefna fyrir allar ávöxtunarleiðir og fjárfestingarheimildir. Sérstakur kaflar um viðmið við kaup á verðbréfum og einnig fylgja reglur um lán til sjóðfélaga, stefna Almenna um ábyrgar fjárfestingar, eigendastefna Almenna og útdráttur úr Eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóðsins. Stjórn sjóðsins samþykkir stefnu um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefnu sérstaklega ár hvert, en þær skoðast sem fylgiskjöl með fjárfestingarstefnu.

Ávöxtunarleiðir

Samtryggingarsjóður ávaxtar fé sjóðfélaga í sérgreindu verðbréfasafni og er markmið þess langtímahækkun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum, skuldabréfum og innlánnum. Fjárfestingarstefna samtryggingarsjóðsins tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði, aldurssamsetningu sjóðfélaga og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins.

Í séreignarsjóði geta sjóðfélagar valið á milli sjö ávöxtunarleiða í samræmi við aldur eða valið ávöxtunarleið eftir áhættuþoli. Einnig er hægt að velja Ævileiðina en þá flyst inneign á milli verðbréfasafna með það fyrir augum að draga úr vægi hlutabréfa og minnka áhættu eftir því sem nær dregur starfslokum.

- Ævisafn I (16-44 ára)
- Ævisafn II (45-56 ára)
- Ævisafn III (57 ára og eldri)
- Innlánasafn
- Ríkissafn
- Skuldabréfasafn
- Erlent verðbréfasafn

Tilgreind séreign er greidd í ávöxtunarleiðir sem uppfylla skilyrði lágmarkstryggingaverndar, þ.e. Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn og Skuldabréfasafn.

Nánar má lesa um [ávöxtunarleiðir hér](#).